

Um efnistökusvæði (námur)

Við mótun nýs aðalskipulags þarf að yfirfara efnistökusvæði (námur) m.t.t. þess hvort svæði sem voru skilgreind í síðasta (gildandi) aðalskipulagi séu ennþá nýtt og hvort til standi að nýta þau áfram eða ekki. Fyrir þau svæði sem stendur til að nýta áfram og þau sem stendur til að opna þarf að setja stærðarmörk eða mörk á umfangi efnistöku.

Við skilgreiningu marka er hægt að miða við umfangs-/stærðarmörk sem tilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Samkvæmt þeim lögum gildir eftirfarandi:

- Efnistaka sem áætlað er að raski 50.000 m² svæði eða stærra eða er að efnismagni 150.000 m³ eða meiri, er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
- Efnistaka sem áætlað er að raski 25.000 m² svæði eða stærra eða er að efnismagni 50.000 m³ eða meiri, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar.
- Efnistaka sem áætlað er að raski minna en 25.000 m² svæði eða er að efnismagni minni en 50.000 m³, skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar. Sveitarstjórn er heimilt að leita álits annarra aðila og skal hún gera hlutaðeigandi og Skipulagsstofnun grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir efnistökusvæði skv. gildandi aðalskipulagi.

Óskað er eftir að upplýsingar um eftirfarandi séu skráðar á auðu línuna aftan við viðeigandi spurningar. Einnig má skrifa inn í aftasta dálkinn í meðfylgjandi töflu.

1. Heiti námu / lands: _____

2. Staða á efnistökusvæði:

a. Hefur námunni verið lokað? Já eða nei: _____

b. Stendur til að loka henni? Ef svo er - hvaða ár? Árið _____

3. Verður náman nýtt áfram?

Ef svo er, hver er áætlað umfang efnistöku á skipulagstímabilinu 2018-2038:

Merkið x við rétt svar

___ til eigin nota, ca _____ m³ á ári

___ 150.000 m³ eða meira

___ 50.000 m³ eða meira

___ Innan við 50.000 m³

___ 50.000 m² eða meira

___ 25.000 m² eða meira

___ Innan við 25.000 m³

___ Önnur mörk, hver _____

Grundarfjarðarbær – Endurskoðun aðalskipulags – nóvember 2017

4. Eru einhver ný eða ráðgerð efnistökusvæði sem ekki eru í gildandi aðalskipulagi?

5. Hafa landeigendur tillögur að stefnu/áherslum við efnistöku? - s.s. hvað varðar umgengni eða tilhögun meðan á vinnslu stendur, t.d. til að draga úr umhverfisáhrifum og varðandi frágang og landnotkun að efnistöku lokinni.

Grundarfjarðarbær – Endurskoðun aðalskipulags – nóvember 2017

Yfirlit yfir efnistökusvæði, ákvæði um þau skv. gildandi aðalskipulagi og dálkur (lengst til hægri) til að færa inn upplýsingar um þróun á nýju skipulagstímabili 2018-2038:

Nr.	Heiti og áætlað umfang skv. síðasta (gildandi) aðalskipulagi	Staða og stefna um frágang í síðasta (gildandi) aðalskipulagi	Staða og áætlað umfang frá árinu 2018. Áætluð mörk á magn/stærð námu. Tillögur að stefnu um tilhögun efnisvinnslu, frágang og landnotkun að henni lokinni.
E-1	Í landi Eiðis Malarnáma, áætlað efnismagn 45.000m ³ . Stærð 15.000 m ² .	Í notkun út skipulagstímabilið. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Skoða möguleika á gerð áningarstaðar.	
E-2	Á Hallbjarnareyri Malarnáma, áætlað efnismagn 5.000m ³ . Stærð 2.000 m ² .	Eingöngu nýtt af ábúendum jarða í Framsveit. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	
E-3	Í landi Hrafnkelsstaða, sunnan vegar Malarnáma, áætlað efnismagn 5.000m ³ . Stærð 2.500 m ² .	Takmörkuð notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-4	Hrafná í landi Hrafnkelsstaða, sunnan vegar Malarnáma, áætlað efnismagn 48.000m ³ . Stærð 21.000 m ² .	Í notkun út skipulagstímabilið. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	
E-5	Hrafná í landi Hrafnkelsstaða, norðan vegar Malarnáma, áætlað efnismagn 10.000m ³ . Stærð 3.500 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár. Vegna nálægðar við lítt snortið land er mikilvægt að umgengni sé til fyrirmyndar.	
E-6	Í landi Kirkjufells Grjótnáma, áætlað efnismagn 8.000m ³ . Stærð 5.000 m ² .	Takmörkuð notkun, aðeins landeigendur. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-7	Í landi Berserkseyrar Burðarlags- og fyllingarefni, áætlað efnismagn 30.000m ³ . Stærð 17.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Skoðaður verði möguleiki á gerð áningarstaðar.	
E-8	Í landi Vindáss og Eiðis Möl og sandur, áætlað efnismagn 50.000m ³ . Stærð 13.000 m ² .	Í notkun út skipulagstímabilið. Mikilvæg efnistaka. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	
E-9	Í landi Kolgrafa, austan vegar Fyllingarefni, áætlað efnismagn 75.000m ³ . Stærð 28.000 m ² .	Í notkun út skipulagstímabilið. Mikilvægur efnistökuastaður. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	

Grundarfjarðarbær – Endurskoðun aðalskipulags – nóvember 2017

E-10	Í landi Kolgrafa, austarlega í botni Kolgrafafjarðar Malarefni, áætlað efnismagn 20.000m ³ . Stærð 7.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár. Vegna legu í lítt snortnu landi er mikilvægt að umgengni sé til fyrirmyndar.	
E-11	Í landi Norður- og Suður Bárar Malarnáma, áætlað efnismagn 15.000m ³ . 9.000 m ² .	Takmörkuð notkun, aðeins landeigendur. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-12	Í landi Spjarar, austan Þjóðvegur Malarnáma, áætlað efnismagn 24.000m ³ . Stærð 8.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-13	Í landi Spjarar, vestan Þjóðvegur Malarnáma, áætlað efnismagn 30.000m ³ . Stærð 11.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-14	Í landi Ytri- og Innri Látravíkur Malarnáma, áætlað efnismagn 12.000m ³ . Stærð 8.000 m ² .	Takmörkuð notkun, aðeins landeigendur. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-15	Í landi Vindáss Malarnáma, áætlað efnismagn 45.000m ³ . Stærð 15.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	
E-16	Í landi Akurtraða Malarnáma, áætlað efnismagn 45.000m ³ . Stærð 15.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið.	
E-17	Í landi Eiðis Malarnáma, áætlað efnismagn 5.000m ³ . Stærð 1.500 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-18	Í landi Eiðis Malarnáma, áætlað efnismagn 12.000m ³ . Stærð 4.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-19	Oddabörð í landi Hjarðarbóls Burðarlags- og fyllingarefni, áætlað efnismagn 400.000m ³ . Stærð 350.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-20	Í landi Norður- og Suður-Bárar Burðarlags- og fyllingarefni, áætlað efnismagn 45.000m ³ . Stærð 15.000 m ² .	Í notkun. Ganga frá ef engin námuvinnsla hefur verið í þrjú ár.	
E-21	Í landi Kirkjufells Burðarlags- og fyllingarefni, áætlað efnismagn 20.000m ³ . Stærð 15.000 m ² .	Í notkun. Að jafnaði skulu ummerki ekki vera sýnileg.	